



GALDRAGÁTTIN OG ÞJÓÐSAGAN SEM GLEYMDIST

„Æsispennandi fjölskyldusýning sem byggir á íslenska þjóðsagnaarfinum.“



SÝNINGIN ER SAMSTARFSVERKEFNI
UMSKIPTINGA OG LEIKFÉLAGS AKUREYRAR
OG ER STYRKT AF LEIKLISTARRÁÐI MENNTA
OG MENNINGAMÁLARÁÐUNEYTI

ÁVARP UMSKIPTINGA

Kæri leikhúsgestur,

Mikið er gaman að þú skyldir koma í leikhús og fagna með okkur frumsköpun, íslenskri leikritun og eflingu atvinnuleikhúss á landsbyggðinni. Þegar við stofnuðum Umskiptinga árið 2017 var það yfirlýst markmið okkar að vera atvinnuskapandi í sviðslistum með áherslu á jöfn tækifæri fyrir háskólamenntað sviðslistafólk. Við vildum vera vettvangur atvinnufólks í sviðslistum til þess að skapa sér tækifæri og starfsgrundvöll í heimabyggð. Markmiðin voru háleit og eins og við var að búast hafa holurnar í veginum líka verið margar og misstórar. Að kjósa að búa á landsbyggðinni og reyna að hafa atvinnu af leikhúsi utan atvinnuleikhúsanna hefur kostað bæði mikla vinnu og ástríðu. Það er okkur Umskiptingum því virkilega mikils virði að hafa annars vegar hlotið styrk frá Leiklistarráði Mennta- og menningarmálaráðuneytis og listamannalaun vegna sýningarinnar, en ekki síður að geta unnið sýninguna í samstarfi við Leikfélag Akureyrar. Með styrknum gátum við ráðið til okkar leikara og listræna stjórnendur og greitt fólk fyrir vinnu sína. Það að fá að æfa að og sýna í Samkomuhúsinu er allt í

senn mikil viðurkenning, stórt tækifæri og skrautfjöður í hatt okkar Umskiptinga. Þessi saklausa hugmynd okkar um að búa til lítið leikrit fyrir börn byggt á íslenska þjóðsagnaarfinum hefur heldur betur undið upp á sig og við erum gríðarlega stolt af því hve stór og viðamikil sýningin er orðin, nýr íslenskur fjölskyldusöngleikur. Því þó við höfum hlotið styrk og haft góða aðstöðu, hefði þessi sýning aldrei orðið að því sem þú sérð á sviðinu í dag, ef ekki væri fyrir allt harðduglega og jákvæða hugsjónafólkið okkar sem vann myrkranna á milli vikum saman, fyrir allt of litla peninga en þeim mun meira af vöflum, hrósi, hlátrasköllum og hlýju. Þeim þökkum við innilega.

Vertu hjartanlega velkomin(n) í leikhúsið og góða skemmtun!

Birna Pétursdóttir
Handritshöfundur og framleiðandi sýningarinnar



UMSKIPTINGAR

Atvinnuleikhópurinn Umskiptinga skipa þau Birna Pétursdóttir, Jenný Lára Arnórsdóttir, Margrét Sverrisdóttir, Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason.

Árið 2017, þegar leikhópurinn var stofnaður og setti upp sína fyrstu sýningu Framhjá rauða húsinu og niður stigann, markaði það tímamót. Það var í fyrsta skipti í 4 ár sem atvinnuleikhópur starfaði á Akureyri.

Umskiptingar hlutu í kjölfar sýningarinnar tilnefningu til Grímunnar sem Sproti ársins 2018.

Umskiptingar eru höfundar Galdragáttarinnar og hlutu styrk frá Leiklistarráði Mennta- og menningarmálaráðuneytis auk listamannalauna.





UM VERKIÐ

Í Hringvallaskóla opnast fyrir algjöra slyzni gátt inn í heim íslenskra þjóðsagna. Saklausum sjöundabekking, Jóni Árnasyni er í kjölfarið rænt af Húmskollunni skelfilegu, svo bekkjarsystkini hans Bjartur og Sóley leggja upp í háskaför honum til bjargar. Við tekur æsispennandi atburðarrás þar sem hinar ýmsu kynjaverur íslenskra þjóðsagna koma fyrir; Nykur, Skoffin og Skuggabaldur ásamt fleirum. Ná þau að bjarga Jóni Árnasyni? Er Nykrinum treystandi? Hver á augun í myrkrinu og hver er eiginlega þessi Húmskolla?

Í handritsvinnunni sóttu Umskiptingar innblástur og efnivið í íslenska þjóðsagnaarfinn og þá sérstaklega í þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar. Agnes Wild leikstjóri verksins kom inn sem dramaturg á lokametrum handritsvinnunnar.

Öll tónlist sýningarinnar er samin af tveimur Umskiptingum, þeim Sesselíu Ólafsdóttur og Vilhjálmi B. Bragasyni sem saman skipa tónlistardúóið Vandræðaskáld. Útsetning og upptaka var í höndum Kristjáns Edelstein.





TEYMIÐ

Höfundar: Leikhópurinn Umskiptingar

Leikstjórn: Agnes Wild

Leikarar: Hjalti Rúnar Jónsson, Jenný Lára Arnórsdóttir, Jóhann Axel Ingólfsson, Margrét Sverrisdóttir, Sesselía Ólafsdóttir, Vilhjálmur B. Bragason

Tónlist og textar: Vandræðaskáld

Útsetning, upptaka og hljóðfæraleikur: Kristján Edelstein

Leikmynd og búningar: Auður Ösp Guðmundsdóttir

Dans- og sviðshreyfingar: Katrín Mist Haraldsdóttir

Ljósahönnun: Lárus Heiðar Sveinsson

Hljóðhönnun: Gunnar Sigurbjörnsson

Framleiðandi og hönnuður leikskrár: Birna Pétursdóttir

Sýningarstjórn: Þórunn Geirsdóttir og Ólafur Ingi Sigurðsson

Hár og förðun: Soffía Margrét Hafþórsdóttir

Leikmyndasmíði og sviðslausnir: Einar Rúnarsson

Ljósmynd á veggspjaldi: Auðunn Nielsson

Teikningar á veggspjaldi: Embla Vigfúsdóttir

Umbrot veggspjalds: Ingibjörg Berglind Guðmundsdóttir

Ljósmyndir úr sýningunni: Daníel Starrason

Stikla úr sýningunni: Árni Þór Theodórsson

Ljósá-og hljóðmaður: Ólafur Göran Ólafsson Gros

Sérstakar þakkir: Hertex á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Plastás, Sport-tæki, María Pálsdóttir, Viðar Jónsson, Oddur Bjarni Þorkelsson, Árni Þór Theodórsson og Andri Guðmundsson



FÆÐINGARAFMÆLI JÓNS ÁRNASONAR

Jón Árnason (1819-1888) var íslenskur fræðimaður og einn fremsti þjóðsagnasafnari í sögu Íslendinga. Hann gegndi mörgum störfum á sinni ævi, var um tíma landsbókavörður, umsjónarmaður lærða skólans í Reykjavík og ritari biskups. Jón átti jafnframt nokkurn þátt í því að Forngripasafn Íslands (síðar Þjóðminjasafnið) var stofnað og gegndi hann þar stöðu forstöðumanns eða þjóðminjavarðar.

Þekktastur er Jón fyrir að vera frumkvöðull í söfnun þjóðsagna á 19. öld og fyrir útgáfu þeirra í fjölmörgum bindum. Í ár er 200 ára fæðingarsafmæli Jóns Árnasonar.





ÁVARP LEIKSTJÓRA

Kæru leikhúsgestir,

Eruð þið til í að koma með okkur í ævintýralegt ferðalag um verulega draugalegan heim íslenskra þjóðsagna?

Í Hliðheimum búa alskyns verur og vættir sem ber að varast, en sumar þeirra eru þó ljúfar og góðar. Kannski sjáum við Nykur eða Marbendil en vonandi rekumst við ekki á drauga...

Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist er barnasýning Leikfélags Akureyrar í samvinnu við leikhópinn Umskiptinga. Þema Leikfélagsins á þessu leikári er æskan og unga fólkið og við erum hreykin af því að fá að gera verk fyrir yngstu áhorfendurna.

Það er svo mikilvægt að við sem samfélag hlúum vel að ungu áhorfendunum og þjóðum þau velkomin í leikhúsið. Flest eigum við okkur minningu úr æsku þar sem við fórum í leikhús með mömmu, pabba, afa eða ömmu. Sumir muna sína allra fyrstu leikhúsreynslu. Kannski var það Litli Kláus og stóri Kláus með Þórhalli

og Bessa, Dýrin í Hálsaskógi með Árna Tryggva, Erni Árnasyni eða jafnvel Ævari vísindamanni. Það gæti hafa verið Oliver Twist, Kardemommubærinn, Óvitar, Latibær, Píla Pína eða eitthvað allt annað. Við getum að minnsta kosti öll verið sammála um það að leikhúsið sé einn stór ævintýraheimur þar sem allt getur gerst.

Það hefur verið ótrúlega gaman að garfa í þjóðsagnaarfi okkar Íslendinga með leikhópnum og skoða þessar skemmtilegu en jafnframt drungalegu farandsögur og færa þær inn í nútímann okkar á skemmtilegan og skapandi hátt.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem komu að sýningunni fyrir dugnaðinn, vinnusemina og samveruna.

Góða skemmtun!

Agnes Wild, leikstjóri



LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

AGNES WILD lauk BA námi í leiklist frá East 15 acting school í London árið 2013. Hún er einn stofnenda leikhópsins Miðnættis en hópurinn hlaut tilnefningu til Grímuverðlaunanna 2017 fyrir sýninguna Á eigin fótum sem barnasýning ársins. Nú síðast setti Miðnætti upp sýninguna Djákninn á Myrká, sagan sem aldrei var sögð hér í Samkomuhúsinu en Djákninn verður sýndur aftur í febrúar. Meðal annarra leikstjórnar verkefna má nefna Fokkað í Fullveldinu á vegum fullveldishátíðar og Þjóðleikhússins (2018), Shrek og Legally blonde fyrir Kvennaskólann (2018 og 2017), Krúnk krúnk og dirrindí fyrir Menningarfélag Akureyrar (2018) og Elska með leikhópnum Artik sem sýnt var í Hofi (2016). Árið 2015 var Agnes aðstoðarleikstjóri í sýningunni Í Hjarta Hróa Hattar í Þjóðleikhúsinu. Agnes er einn stofnenda leikhópsins Lost Watch theatre sem starfar í London.

AUÐUR ÖSP GUÐMUNDSDÓTTIR útskrifaðist með BA í vörühönnun frá LHÍ 2010 og hefur starfað sem vöru- og sýningahönnuður frá útskrift. Hún fór í meistaranám í Scenography í DAMU í Prag og snéri aftur heim 2018. Auður var tilnefnd til Grímunnar 2019 fyrir búninga og leikmynd í uppfærslu LA á Kabarett. Galdragáttin er fyrsta barnaleikrit Auðar, en hún telur sig sérlega hæfa til verksins þar sem hún var einmitt einu sinni barn sjálf.

GUNNAR SIGURBJÖRNSSON hljóðhönnuður hefur komið að fjölda sýninga Leikfélags Akureyrar allt frá 1986. Meðal þeirra eru Kabarett, Óvitar, Fló á skinni, Litla hryllingsbúðin, Rocky Horror, 39 þrep, Gulleyjan, Öldin okkar og Kvenfólk í flutningi Hunds í óskilum. Sýningar sem Gunnar hefur unnið fyrir Leikfélag Reykjavíkur eru Mýs og menn, Bastarðar, Jeppi á fjalli, Billy Eliot, Mamma Mia og Rocky Horror.

KATRÍN MIST HARALDSDÓTTIR útskrifaðist sem leikari frá Circle in the Square Theater School í New York vorið 2013. Frá útskrift hefur hún að mestu starfað við dans- og hreyfihönnun í leikhúsum og fyrir tónleika ásamt því að reka Danstúdíó Alice. Katrín sá m.a. um dans- og sviðshreyfingar í verkunum Núnó og Júnía, Krunk krunk og dirrindí, Gallsteinar afa Gissa og Píla Pína hjá Leikfélagi Akureyrar en hún hlaut tilnefningu til Grímunnar fyrir Pílu Pínu árið 2016. Katrín var einnig aðstoðardanshöfundur í Kabarett í uppsetningu LA síðasta vetur.

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

LÁRUS HEIÐAR SVEINSSON Lárus Heiðar er fastráðinn starfsmaður Menningarfélags Akureyrar. Hann hefur unnið við ljósaönnun frá 2005. Hann hefur lýst fjölda leiksýninga, þar á meðal eru Þögli þjónninn, Svarta kómedian, Fúlar á móti, Lápur, Skrápur og jólaskapið, Hárið, Kvenfólk sem sýnt er í Borgarleikhúsinu, Gallsteina afa Gissa og Djáknann sem leikhópurinn Miðnætti setti upp í samkomuhúsinu í vor og verður sýndur aftur í febrúar.

VANDRÆÐASKÁLD eru Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur B. Bragason. Á undanförunum árum hafa þau haldið tónleika vítt og breitt um landið og komið víða við sem veislustjórar og skemmtikraftar. Þá hafa þau vakið mikla athygli á samfélagsmiðlum fyrir hárbeitta sketcha og lagatexta. Þau hafa samið yfir 200 lög, saman og hvort í sínu lagi, og hafa tekið þátt í ýmsum tónlistar og leikhústengdum verkefnum. Undanfarin ár hafa þau unnið að stórum söngleik upp úr draugasögunni um Miklabæjar Solveigu og setja reglulega inn ný lög á Facebook síðu Vandræðaskálda.



BIRNA PÉTURSDÓTTIR lauk BA námi í leiklist frá Rose Bruford College í London 2012. Hún er einn stofnenda leikhópsins Umskiptinga, en lék hjá Leikfélagi Akureyrar á síðasta leikári, í Kabarett, Gallsteinum afa Gissa og Djáknannum á Myrká. Birna en hefur undanfarin ár unnið mikið í dagskrárgerð fyrir sjónvarp, bæði á RÚV og sjálfstætt, samhliða leiklist og leikritun. **Birna er framleiðandi og einn höfunda verksins.**



LEIKARAR

HJALTI RÚNAR JÓNSSON byrjaði ungur að árum að leika, fyrst í Loftkastalanum í Bugsy Malone og síðan í Pétri Pan hjá Borgarleikhúsinu. Stuttu seinna hóf hann störf hjá Leikfélagi Akureyrar og lék þar í Óvitum, Lilju og Rocky Horror. Einnig lék hann í verkunum Date og Ræflavík sem Norðurbandalagið setti upp. Hjalti útskrifaðist með BA-gráðu frá leikarabrot Listaháskóla Íslands haustið 2016. Eftir það hefur hann tekið þátt í fjölda sjálfstæðra sýninga. Hann tók þátt í að skrifa og setja upp einleikinn „Þingeyingur!“ og lék Clifford Bradshaw í Kabarett LA á síðasta leikári. Einnig hefur Hjalti leikið í fjölda kvikmynda og sjónvarpsþáttaraða en hann hlaut tilnefningu til Eddunnar fyrir leik sinn í kvikmyndinni Ikingut. Þá hefur hann starfað fyrir Útvarpsleikhúsið og sinnt talsetningu til margra ára.

JÓHANN AXEL INGÓLFSSON útskrifaðist sem leikari frá Stella Adler Studio of Acting í New York vorið 2016. Haustið 2016 lék hann í verkinu Elska – ástarsögur norðlendinga sem leikhópurinn Artic setti upp og sýnt var í Hofi. Árið 2017 lék hann í gamanleiknum Sjeikspír eins og hann leggur sig hjá Leikfélagi Akureyrar og síðasta vetur lék Jóhann Krumma í Krúnk Krúnk og Dirrindí, Ernzt Ludwig í söngleiknum Kabarett og Úlf unglingskrímsli og önnur hlutverk í barnasýningunni Gallsteinum afa Gissa hjá Leikfélagi Akureyrar. Þá lék Jóhann einnig í verkinu Djákninn á Myrká - sagan sem aldrei var sögð.

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR útskrifaðist úr BA námi í leiklist frá Arts Ed London 2003. Frá útskrift hefur hún skrifað, leikið og leikstýrt bæði í sjónvarpi og leikhúsi. Margrét er Umskiptingur og leikstýrði þeirra fyrstu sýningu Fram hjá rauða húsinu og niður stigann sumarið 2017 sem fékk tilnefningu til Grímunnar sama ár. Verk sem hún hefur leikið í eru m.a. Gallsteinar afa Gissa, Halla, Þöggun og Bólu-Hjálmar sem fékk Grímuverðlaunin 2009. Hún var umsjónarkona Stundarinnar okkar hjá Rúv í tvö ár, skrifaði og lék aðalpersónuna, Skottu. **Margrét er einn höfunda verksins.**

JENNY LÁRA ARNÓRSDÓTTIR útskrifaðist sem leikari og leikstjóri frá KADA í London árið 2012. Hún hefur einbeitt sér meira að leikstjórn en að leika frá útskrift en meðal hlutverka sem hún hefur farið með eru Sophie í Blik í uppsetningu Leikhópsins Artik í Gamla Bíói, Þórey í Hrútum eftir Grím Hákonarson, Söndru í Djúpum sporum í Tjarnarbíói og kvenhlutverkið í Elsku - ástarsögur Norðlendinga sem var gestasýning hjá LA veturinn 2016-2017. Meðal leikstjórnarverkefna hennar eru heimildarverkið Skjaldmeyjar hafsins með hjá leikhópnum Artik, gamanóperan Piparjúnkan og þjófurinn með Óperuhópnum, Einku orð með InTime Theatre og Tjóðpalli Føroya og Heima er þar sem ég halla mér - upplifunarferð um Melrakkasléttu. Hún er meðlimur í leikhópnum Umskiptingar en hún sá um framleiðsluna á fyrsta verki þeirra Framhjá rauða húsinu og niður stigann. **Jenny er einn höfunda verksins.**

LEIKARAR

SESSELÍA ÓLAFSDÓTTIR lærði leiklist í leiklistarskólanum KADA í London. Hún útskrifaðist árið 2012 og hefur frá útskrift leikið bæði hérlendis og erlendis, í kvikmyndum, á sviði og í hryllingstölvuleiknum SOMA! Þá lék hún meðal annars Ylfu í Föngum, Guðnýju frá Klömbrum í Þöggun og fór með eitt hlutverkanna í Sjeikspír eins og hann leggur sig. Þá hefur hún leikstýrt, fengist við að semja handrit, sögur, lög og ljóð og skemmt fólki undir formerkjum Vandræðaskálda. **Sesselía er einn höfunda verksins.**

VILHJÁLMUR B. BRAGASON útskrifaðist með MA gráðu í leikritun og leikbókmenntum frá Royal Academy of Dramatic Arts í London 2015. Hann hefur skrifað fjögur leikrit í fullri lengd og hlaut m.a. Nýræktarstyrk miðstöðvar íslenskra bókmennta fyrir leikverk sitt Afhendingu, en það er fyrsta leikverkið til þess að hljóta þann heiður. Þá hefur Vilhjálmur þýtt og aðlagð verk eftir aðra, nú síðast Sjeikspír eins og hann leggur sig fyrir Leikfélag Akureyrar. Vilhjálmur hefur komið víða við sem leikari, í Söngvaseið og Blessuð jólin hjá Leikfélagi Akureyrar, Beyond the Cringe í Ambassadors Theatre, Art of Procrastination í Bloomsbury Theatre, Útför-sögu ambáttar og skattsvikara víða um land og í Framhjá rauða húsinu og niður stigann á Akureyri og í Reykjavík. Vilhjálmur er einnig skemmtikraftur og tónlistarmaður og sem slíkur er hann annar helmingur Vandræðaskálda. **Vilhjálmur er einn höfunda verksins.**





ÞJÓÐSAGNASAMKEPPNI UMSKIPTINGA

Samhliða frumsýningu á Galdragáttarinni blása Umskiptingar til samkeppni um nýja þjóðsögu í samstarfi við grunnskóla á Akureyri og víðar. Hugmyndin er sú að þetta auki áhuga grunnskólabarna á þjóðsögum og virki sköpunarkraft þeirra og ímyndunarafl í eitthvað nýtt og spennandi. Keppt er á tveimur skólastigum, 2.-4.bekkur annarsvegar og 5.-7.bekkur hinsvegar. Efnistöð eru nemendum algjörlega frjálts nema að sagan þarf að vera að einhverju leyti innblásin af íslenskum þjóðsagnaarfi. Veitt eru verðlaun fyrir 1. og 2. sæti í hvorum flokki fyrir sig, en úrslit verða tilkynnt á degi íslenskrar tungu, 16.nóvember.



Þjóðsagnasamkeppni Umskiptinga

Ert þú í 2.-7.bekk í grunnskóla?
Hefur þú gaman af því að skrifa sögur?
**Sendu inn nýja frumsamda þjóðsögu
og eigðu möguleika á að vinna
allskonar skemmtilega vinninga**

Í tilefni frumsýningar á fjölskyldusýningunni
Galdragáttin og þjóðsagan sem gleymdist
og 200 ára fæðingarafmælis Jóns Árnasonar
er blásið til samkeppni um nýja þjóðsögu

Sagan má að hámarki vera 500 orð fyrir börn í 2.-4.bekk og 1000 orð fyrir 5.-7.bekk

Skilafrestur er til og með föstudeginum 1.
nóvember 2019
Verðlaunaafhending verður í
Samkomuhúsinu á degi íslenskrar tungu
þann 16.nóvember

Handritshöfundar Galdragáttarinnar sitja í
dómnefnd og horfa sérstaklega til
hverskyns frumsköpunar og
hugmyndaauðgi í sögunum



Skila má sögum og senda fyrirspurnir á netfangið umskiptingar@gmail.com